

Sþ.

32. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um rannsókn á fjárreiðum stjórnmalaflokka og löggjöf um það efni.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jónas Árnason, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka fjárreiður stjórnmalaflokka svo og fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem þeim eru tengd. Nefndin skal leitast við að afla sem gleggstra upplýsinga um fjármálaumsvif flokkanna, hvernig þeir afla sér tekna, hvaðan þær koma og hvernig þeim sé varið. Að lokinni þessari rannsókn skal nefndin gefa þinginu skriflega skýrslu um niðurstöður sínar og jafnframt leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fjármál stjórnmalaflokka, sem m. a. fjalli um opinberan stuðning við starfsemi flokkanna og eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Greinargerð.

Fjárreiður stjórnmalaflokka hafa verið mjög á dagskrá að undanfögnu af ýmsum ástæðum. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hafa nýlega óskað eftir að Sakadómur Reykjavíkur taki til rannsóknar hugsanlegt samband lóðauðhlutunar í borginni og greiðslu einnar milljón króna fjárframlags til Sjálfstæðisflokksins. Hætt er við að mál þetta sé ekkert einsdæmi, og er því þörf á almennri rannsókn þessara mála. Vonandi geta allir stjórnmalaflokkar fallist á að undirgangast þess háttar rannsókn, og víst er að í þessum efnum hefur flokkur flutningsmanna, Alþýðubandalagið, ekkert að fela.

Starfsemi stjórnmalaflokka er grundvallaratriði í stjórnskipun íslendinga og til þess að gegna því hlutverki sínu að vera tengiliður kjósenda og Alþingis verða þeir að hafa talsverð umsvif. Miklu skiptir að hamla gegn því, eins og frekast er unnt, að fjársterkir einstaklingar eða fyrirtæki beiti fjármagni sínu til að afla sjálfum sér fríðinda eða hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir í eiginhagsmunaskyni. Eðlilegt er því að stjórnmalaflokkunum séu ætlaðar ákveðnar tekjur í hlutfalli við fylgi sitt meðal kjósenda, en að öðru leyti sé eftirlit haft með því að flokkarnir afli sér ekki fjár með annarlegum hætti, hvorki innanlands né utan.

Talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa stungið upp á því í opinberum umræðum um þetta mál, að stuðningur hins opinbera verði fólgin í því að gjafir til flokkanna verði skattfrjálsar og veiti gefandanum skattalækkun. Þessi tillaga felur að sjálfsögðu í sér að stuðningur við flokkana verði í reynd greiddur úr ríkissjóði vegna skerðingar skatttekna, en þeim aðilum, sem auðgastir eru og ráða yfir mestu fjármagni, verði falið það hlutverk að ákveða hvert ríkisstyrkurinn eigi að renna.

Í flestum nálægum ríkjum hefur verið ákveðið á undanfögnu árum að veita stjórnmalaflokkum fjárhagslegan stuðning í hlutfalli við fylgi þeirra. Lítil vafi er á því að sú tilhögun er eðlilegust og í bestu samræmi við almennar lýðræðisreglur.

Á það skal minnt, að Alþýðubandalagið hefur áður flutt þingsályktunartillögu á Alþingi sama efnis.